

IV. KAFLI
Gildistökuákvæði.
 14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 53. og 59 gr. laga nr. 46/2001 um hönnun, öðlast þegar gildi.

Við birtingu reglugerðar þessarar öðlast gildi X. kafli laga nr. 46/2001 um hönnun, með síðari breytingum. Genfargerð Haag-samningsins um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar frá 6. nóvember 1925, sem gerð var í Genf 2. júlí 1999 og öðlaðist gildi 23. desember 2003, öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 23. desember 2003. Genfargerðin var birt sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 27 í C-deild Stjórnartíðinda 2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. júní 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

AUGLÝSING
um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum er sem hér segir frá og með 1. júlí 2004 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,36 kr. á lítra
Gasolía	0,77 kr. á lítra
Aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,15 kr. á kg
Flugvélabensín	0,10 kr. á lítra
Flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,14 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 24. júní 2004.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.